

Nd.

§33. Frumvarp

til laga um aðflutningsgjald af kolum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að halda áfram einkasölu á kolum fyrst um sinn meðan henta þykir, en er einkasala hættir, skal greiða 15 kr. gjald í ríkissjóð af hverri smálest kola, sem flutt er til landsins. Brot úr smálest, er nemur helmingi eða meiru, telst heil smálest, en minna broti skal slept.

2. gr.

Um innheimtu gjalds þessa, reikningsskil, viðurlög við röngum skýrslum og annað, er lýtur að gjaldi þessu, fer eftir ákvæðum vörutollslaganna.

3. gr.

Lög þessi falla úr gildi við næstu áramót eftir það, að unninn er upp halli sá, er stafar af kolakaupum landsstjórnar vegna styrjaldarinnar.

Meðan gjald það er greitt, sem ræðir um í 1. gr., fellur niður vörutollur sá, sem nú er á kolum.